

Nd.

311. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Til að undirbúa stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa er ríkisstjórninni heimilt að kaupa:

- a) Jarðirnar Hvamm, Kirkjuferju með hjáleigu, Þórustaði, Árbæ og Helli í Ölfushreppi í Árnessýslu, eða hluta úr þessum jörðum.
- b) Afnotarétt af jörðinni Hvoli í Ölfushreppi eða hluta úr henni.

2. gr.

Ef ekki semst við eigendur um kaupverðið, er ríkisstjórninni heimilt að taka eignarnámi jarðir þær og afnotaréttindi, er um getur í 1. gr. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumvarpið fyrir tilmæli landbúnaðarráðherra, en einstakir nefndarmenn eru óbundnir um fylgi við frv. og einstakar greinar þess.

Frumvarp þetta miðar að því að undirbúa stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa í stærri stíl en gert hefir verið áður. Var á þessum vetri skipuð þriggja manna nefnd til þess að athuga, hvaða lönd skyldi velja til að búa undir stofnun slíkra býla. Nefnd þessi — er nefnist landnámsnefnd ríkisins — hefir ritað ríkisstjórninni á þessa leið:

„LANDNÁMSNEFND RÍKISINS

Landnámsnefnd ríkisins ályktar eftirfarandi viðvikjandi stofnun nýbýla:

Reynslan virðist hafa staðfest það, sem menn vissu raunar áður, að stofnun nýbýlis á óræktuðu landi er mjög örðug nema bein eða óbein náttúruhlunnindi bæti aðstöðuna, eða gnægð fjár sé fyrir hendi.

Það er ekki einungis, að mikið fé þurfi til þess að koma upp nauðsynlegum byggingum, það þarf einnig að leggja mikið fé í skjóta ræktun, svo framleiðslan geti sem fyrst staðið undir þörfum heimilisins og áhvilandi skuldum. Ef t. d. af þessari ástæðu þarf að fullrækta 6—8 ha. af túni á fyrstu 2—3 árunum eftir að nýbýlið er stofnað, er augljóst:

- 1) Ræktunin verður ekki nema að litlu leyti heimilisvinna, og verður því mun dýrari en ella.

2) Skiptiræktun verður lítið við komið, og yfirleitt gengur ræktunin með of miklum hraða, til þess að bezta ræktunar-hagfræðilegum árangri verði náð.

Sé hinsvegar völ á einhverjum náttúrugæðum, hlunnindum eða annari bætri aðstöðu, er geti beint eða óbeint leyst af hólmi skyndiræktun, verður það að teljast vinningur, sem ber að taka til greina.

Við stofnun nýbýlis eða nýbýlahverfa skal gera kröfu til:

- 1) Að byggt sé meðfram eða nálægt samgönguæðum.
- 2) Að landið sé vel ræktunarhæft, helzt grjóttlaus mýri, nema völ sé á frjósömu þurrlendi.
- 3) Að landrými og önnur aðstaða sé þannig, að býlið geti orðið lífvænlegt og sjálfstætt.

Staðir, sem geta notið sjávarhlunninda, jarðhita, áveituslæгна, rafmagns, eða hafa aðstöðu til sjálfstæðrar virkjunar, eiga, að öðru jöfnu, að sitja fyrir um byggingu. Hið sama gildir, ef nýbýli byggist úr jörð, er veitir því hlutdeild í ræktuðu landi eða öðrum hlunnindum. Og ennfremur býli, sem geta notið góðs beiti-lands, með nægri viðáttu til sauðfjárræktar.

Nú er augljóst, að bein hlunnindi geta aðeins komið til greina á tiltölulega fáum stöðum, er ætla má, að byggist upp á skömmum tíma, ef þjóðfélagið snýr sér með nokkurri alvöru að landnámi. Með framtíðina fyrir augum verður því að taka landnámið á breiðum grundvelli og ákveða stór landsvæði, er tekin skulu fyrir, eftir því sem þörfin krefur.

Með tilliti til þessa renna menn fyrst og fremst augum til Suðurlandsundirlendisins. Þar er landrými meira til ræktunar en í öðrum landshlutum. Þar eru mikil áveitulönd, og sum þeirra ónotuð. Ennfremur er aðstaða til nýrra, álit-legra áveitufyrirtækja, einkum í Vesturlandeyjum.

Suðurlandsundirlendið hefir meiri samgöngur við Reykjavík en önnur héruð. Þessar samgöngur munu aukast á komandi árum með bættu vegasambandi. — Það mun því óhætt að fullyrða, að framtíðin muni gera Suðurlandsundirlendi að aðalupplandi höfuðstaðarins.

Hér skal ekki farið inn á að skilgreina einstakar sveitir á Suðurlandsundirlendi eða gefa þeim einkanir. En nefndin er sammála um, að í austanverðu Ölfusi sé álitlegast að hefja hið fyrsta landnám til nýbyggðar í stórum stíl. Þó sé jafnframt stuðlað að stofnun nýbýla í Flóanum, er njóti stuðnings hinna miklu ónotuðu áveitulanda.

Í Ölfusi er á sumum stöðum allmikið landrými, sem liggur vel við ræktun, en er ónotað, nema þá lítið eitt til þeitar.

Ölfusið liggur vel við samgöngum; þar er og hafin stórfelld framkvæmd til engjabóta, sem líklegt er, að nýbýli geti notið góðs af. — Þá má vænta þess, að ekki líði langur tími þar til rafmagn verður leitt í Ölfusið frá Soginu. Ennfremur má minna á hið mikla jarðhitasvæði í umhverfi Hveragerðis, þó ekki verði enn vitað, hverskonar samband kann að geta myndast milli þess og nýbyggðar eða ræktunar í Ölfusi.

Að síðustu má benda á, að ef ríkið þarf að veita verkamönnum úr Reykjavík stórfellda atvinnubótavinnu og vill beina þeirri vinnu að landþurrkun vegna nýræktar, þá er Ölfusið næsta sveitin, sem vel hentar til þessa.

Jarðir þær í austanverðu Ölfusi, sem nefndin álitur, að helzt komi til greina, að einhverju eða öllu leyti, til landnáms, eru þessar: Hvammur, Hvoll, Kirkjuferja með hjáleigu, Þórustaðir, Árbær og Hellir. Eru allar þessar jarðir í einka-eign, nema Hvoll, sem er eign kirkjujarðasjóðs.

Ef ríkið vill stofna til landnáms á þessu svæði, þarf það að ná umráðarétti á nefndum jörðum — nokkrum þeirra eða öllum.

Reykjavík, 28. marz 1940.

Steingr. Steinþórsson.

Valtýr Stefánsson.

Ingimar Jónsson.“

Með því að ríkisstjórnin fellst algerlega á framangreindar skoðanir landnámsnefndarinnar, telur hún nauðsynlegt að gera nú þegar ráðstafanir til að öðlast yfirráðarétt yfir jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. frv., eða landsvæðum úr þeim, eftir því sem henta þykir til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Réttara þykir að hafa eignarnámsheimild í frv., þótt líklegra sé, að samkomulag náist um kaupin. Það er sérstaklega tvennt, sem knýr til þess að vinna að þessum málum nú, eins og landnámsnefndin gerir sér ljóst. Í fyrsta lagi má búast við fullkominni kyrrstöðu í húsagerð og heimilafjölgun í sveitunum á meðan á styrjöldinni stendur, og því nauðsynlegt að nota þann tíma til að undirbúa stórauðnar framkvæmdir í þeim málum að styrjöldinni lokinni með því að taka stór landsvæði, þurrka þau og búa undir ræktun, svo að þau verði tiltæk þegar unnt verður á ný að kaupa byggingarefni frá útlöndum og auka kaup á erlendum áburði. Sú aðferð, að ræsa löndin fram og þurrka nokkuð löngu áður en til fullræktunar kemur, verður að teljast mjög hagkvæm. — Í öðru lagi má gera ráð fyrir miklu atvinnuleysi í ýmsum kaupstöðum nú á næstunni, og því mikil þörf á aukinni atvinnu til þess að starfskraftarnir notist.

Það má gera ráð fyrir, að sumum bændum þyki það leitt, þegar stofna á til slikra þéttbýlishverfa, eins og hér er gert ráð fyrir, að þurfa að taka lönd eignarnámi. En í því sambandi ber þess vel að gæta, að slík samfærsla byggðarinnar getur orðið bændum þeim, sem fyrir eru á svæðunum, til hins mesta hagræðis á ýmsan hátt. Það er sýnt, að erfitt er að láta sveitirnar njóta þæginda, t. d. rafmagns o. fl., meðan býlin eru eins dreifð og nú er. Samfærsla byggðarinnar er víða eina ráðið til þess að svo geti orðið. Það er ekki aðalatriðið að hafa sem stærst land. Með framræslu og ræktun má raunverulega fá meiri afrakstur af litlu landi en margfalt stærra óræktuðu.

Að sjálfsögðu verður þess að gæta, að þrengja ekki kosti þeirra bænda, sem fyrir eru á þeim jörðum, sem um ræðir í þessu frv. Þykir það svo sjálfsagt mál, að ekki þarf að taka það sérstaklega fram í frv. Ennfremur er gengið út frá því, þegar lönd eru tekin eignarnámi með þessum hætti, að menn heimilisfastir í sveitinni verði fyrst og fremst látnir sitja fyrir hinum nýju býlum.